



H A F N A R E Y



Flatey

- == VEGUR
- GÖNGUSTÍGUR
- ≡ MÝRI

Fornminjar

- GREINILEGAR MINJAR
- ÖGREINILEGAR MINJAR
- ☼ HÓLAR
- ▲ VÖRDUR

VEGALENGDIR



0 MÍN 1 MÍN 2 MÍN 3 MÍN 4 MÍN 5 MÍN
GÖNGUTÍMI Á ÞEIGILEGUM HRADA

Fornleifar

1 Bæjarhöll og Kirkjugarður

Míli núverandi kirkju og Kirkjugarðs er bæjarstaði Miðbæjar sem var eitt helsta býli í Flatey, líklega allt frá landnámi. Hér eru miklar minjar undir sverði sem teygja sig langt inn í kirkjugarðinn, en þar hefur verið verið komið niður á mannvistarleg þegar grafi hafa verið tekkar. Tveigis hefur farið fram fornleifaruppgöftr á staðnum. Í annað skiptið var grafið norðanvert í hölnum og fundast þá minjar frá 17-19. öld. Teldur sunnar hafa hins vegar fundist minjar, þar á meðal mikli af fisk- og dýrabænum í sorphaug, sem ná allt aftur á 13. öld. Með því að skoba samsetningu beina má a. fa. mynd af áherslum í búskap og fiskveiðum. Miðbærinn var rífinn árið 1873 og eftir það hefur ekki verið búið á hölnum. Eldri kirkja var inni í kirkjugarðinum norðvestanverðum. Lítið sér fyrir henni en hún var rífin þegar núverandi kirkja var reist 1926.

2 Kirkja og bókhlaða

Tvö áberandi hús standa á hryggnum austan við gamla bæjarstræði Miðbæjar: kirkja og bókhlaða. Bókhlaðan er einstakt mannvirkni. Hún var reist árið 1864 fyrir tilstilli Flateyjarframfarastífunar, en stofnun hafði það að markmiði að efla uppbyggingu, siðgæði og dugnað í Flateyjarreppi. Bókasafn stofnunarinnar var lýst í hösinu í rúm 90 ár. Upphaflega stóð bókhlaðan þar sem Flateyarkirkja stendur nú en var flutt um set til austurs þegar kirkjan var reist árið 1926. Hana teiknaði Guðjón Samúelsson. Þessi mannvirkni, sem standa á háhyrge Flateyjar, eru bæði einstaklega stærðleg og vönduð og sjást langt að.

3 Húsin í Þlássinu

Upphaf þéttbýlismyndunar í Flatey má rekja allt aftur til verslunar Englandsinga og síðar Þjóðverja í eyinni á síðari hluta 15. aldar og 16. öld. Þeim rekstri fylgdu verslunarbræði og fleiri mannvirkni sem líklega voru þar sem þéttbýlið stendur enn, upp af Grylsvögu. Eftir að einkunarverslun Dana hófst 1602 lagðist verslun í eyinni af að mestu fram til 1777 þegar hún var lögð sem verslunarstaður. Þéttbýli í Flatey var ofast kallað Þlássinu. Í megindráttum má skipta Þlássinu í tvennt, annars vegar elsta kjarnann við Grylsvog en húsin sem þar standa nú eru flest reist fyrir 1908 og tilheyrðu kaupmönnum og fyrirlíki auk þess sem þar stóðu pakkhús og vertíshús. Hins vegar eru húsin austan við þorskjarnann, á sjávarbakka-num og umhverfis Skansmýri sem eru sum hver reist á grunni torfbæja. Þau eru almennt heldur yngri og tilheyrðu gjarnan alþýfuólki. Elstu húsi Flateyjar sem enn standa eru tvö sambygð húsi austan við Grylsvog, Hermanshúsi (byggt 1843) og Herðisárhúsi (byggt 1885), áður nefnt Gunn-laugshús. Í húsum var m.a. rekin verslun um hálft. Nýlega var Þlássinu og nágrenni skilgreint sem verndarsvæði í bygðu.

4 Silfurgarður og Grylsvogur

Þorpið í Flatey byggðist upp við Grylsvog sem talinn er draga nafn sitt af erfríri innsiglingu. Árið 1833 lét Guðmundur Scheving kaupmaður í Flatey byggja garð fyrir mynni vogsins sem gjörbreytt innsiglingunni og gerði Grylsvog að lögnum vogi. Því þótti mönnum við hæfi að fella niður Grylshlutann af heiti hans og nefna hann einfaldlega Voginn. Guðmundur borgaði vinnuönnunum laumin í silfri og varð það til þess að heitið „Silfurgarður“ festist við garðinn. Á þeim tíma sem Silfurgarðurinn var reistur þótti hann eitt mesta hafnarmannvirkni Íslands. Garðurinn telst til frílýstra fornleifa.

5 Hafnarey

Hafnarey er hálfmánaöguð eyja undan landi, til móts við Þlássinu. Þar voru góð hafnarskilyrði frá náttúrunnar hendi. Þessi náttúrulega höfn var ein aðal forsenda þess að Flatey þótti ákjósanlegur verslunarstaður á fyrri öldum og þéttbýli þróaðist í eyinni. Þar var hægt að svinbinda skip, þ.e. festa þau með tveimur landfestum og tryggja hinn svyggja þeirra. Það dugði þó ekki alltaf til. Neðansjávar í höfninni hvilja a.m.k. tvö skipsflók frá fyrri öldum. Annað þeirra, Mjalstaúlkinn eða Melckmeyt var hollenskt skip sem sókkti í september árið 1659 og hafa fornleifarannsóknir neðansjávar m.a. leitt í ljós talmenning fliða af hollenskum leirkerjum og öðrum varningi sem ætlaður var til sölu.

6 Þýskavar

Áhrif Þjóðverja á verslun og neyðu hér á landi voru talsetur á seinni hluta 15. aldar og þeirri sextándu. Er þetta tímabil gjarnan kennt við þó og nefnt Þýska öldin. Hansakaupmenn stunduðu verslun í Flatey á þessu tímabili, löngu áður en þéttbýlismyndun hófst að nokku ræði á staðnum. Lítlar minjar eru sýnilegar um þátt þeirra í sögu eyjunnar en verslunarhúsi Þjóðverja eru talin hafa staðið þar sem yngri verslunarhúsi risu síðar. Þar stóust tóftir sínu búið allt fram á síðari hluta 18. aldar. Þýskavar er annar minnisvarði um veru Þjóðverja í Flatey en talið er að Þjóðverjar hafi fyrst rutt vörina og sprengt klettana þar ofan við og skipað þar upp vörum sínum.

7 Byggð á sunnanverðri eyinni

Elstu býli í Flatey voru flest upp á háhyrge eyjunnar eða á henni sunnanverðri. Þar var stærstur Miðbær, vestan við kirkjuna sem nú er, og austan við hann voru fleiri býli, t.d. Garðar og Klausurhólar, sem enn standa. Stærst býla sunnan til í eyinni, a.m.k. á 19. öld voru Hólabúi, en hún stóð á hól sunnan við húsið Krákuvör. Þar voru sagðar 57 hurðir á jörnum um 1840, sem segir okkur að bæirn hafi verið veglegar. Austan við hölinn sést greinilega ferhyrndur kálgarður sem stóð framán við annað býli, Norskubúi, þar bjó m.a. Gísli Konráðsson sagnaritari fram til ársins 1877. Enn austar var Naustabúi, sem nú er horfin – og eru þá ekki öll býli upptalin.

8 Þurrabýli í Flatey

Mörg af þeim býlum sem stóðu í Flatey á 19. öld voru þurrabýli, þ.e. býli sem höfðu engar grasnyttjar. Eitt þeirra nefndist Hjállur en þar sjást nú engin ummerki um bæ, aðeins þrískiptur kálgarður. Í Hjalli var búið fram yfir 1890. Sunnan við Hjall sést greinileg rúst af fjárhúsi sem tilheyrði Innstaba en það var eitt hinna stærri býli í Flatey og stóð nokkuð sunnar. Þarna er einnig vítað um tveir nafngreindar þurrabýli til víðbæta, Ötgarð og Miðhús.

9 Klausursteinir

Klausursteinir er talinn hafa staðið við rústin sem stáust á yfirborði fram á 20. öld og voru ýmist taldar af klausréi eða forslu nokkirkjugarði, þær hafa nú verið sléttar út þótt valafast leynt minjar undir yfirborði. Bolli er greinilega höggvinn í steinin og á 19. öld var talið að í honum hefði verið vígt vatn við inngang í klausurgarð. Ágústusaklausur var reist í Flatey 1172 en stóð þar aðeins til 1184, er það var flutt að Helgafelli.

10 Sumarþjós og garðlag

Hér standa veggir af sumarþjósi Boga Guðmundssonar sem var að líkindum reist upp úr 1930. Bogi rak verslun og veitingaölu í Flatey um skeið. Í því hafa kyr verið mjólklaðar og beitarland þeirra verið hér ásturt af. Skammt vestan við fjósveggina eru leifar af garðlagi sem hefur legið þvert yfir eyna frá norðri til suðurs. Það virðist býsna að stofni til og hefur skilið heimalandið frá úthaganum og haldið böfmal frá tünnum og byggð. Sú skipting virðist í aðalatriðum hafa ráðið landnytjum allt til nútíma.

11 Ötburðarsteinir

Sagt er að Ötburðarsteinir dragi nafn sitt af því að hér hafi börn verið borin út, jafnvel á þeim tíma sem klausur var rekið í Flatey á 12. öld. Hermir sagan að reimt hafi verið á staðnum og héðan hafi hermt ámtleg vein á undan vöndum veðrum.

12 Nátthagi/Búfræðingur

Austasti hluti Flateyjar er ofast nefndur Eyjarendi. Á svæðinu var æðarvarp en það var einnig nýtt fyrir útbéi á sumrin og bera minjar og örnefni þess vítni. Um aldamótin 1900 var hlaðið þar gerði sem einfaldlega var nefnt „Nátthagi“ en þó stundum í gamni „Búfræðingur“ þar sem Samúel Eggertsson búfræðingur og kortagerðamaður tók þátt í að byggja hann. Nátthagar voru nýttir sem aðhöld fyrir skeppur til að láta þær bera á land með taði sínu. Nátthaginn var fallinn úr notkun um miðja 20. öld en ummerki hans eru enn vel merkanleg á Eyjarendanum. Ef vel er að gáð sjást raunar ummerki um eldra mannvirkni á sama stað og hefur því verið fleggt að þar séu fundin ummerki um Ólafarakur, minjastað sem ekki er hægt að staðsetja með vissu en sagan segir að sé tilraun til kornræktar í Flatey sem Ólöf ríka Loftsdóttir hafi staðið fyrir á 15. öld.

13 Akurey

Flatey fylgja eyjar og sker sem nýtt voru á margvíslegan hátt s.s. til slægna, beitar og eggja- og dínktekju. Akurey er ein þessara eyja. Hún er við suðurstrend Flateyjar og gengt er út í hana á fjöru en hún er umflotin á flóði. Nafn eyjunnar bendir til að þar hafi verið akur og hefur hún líka verið tengd sögnum um kornrækt Ólafar ríku í Flatey á 15. öld. Ekki sjást þó fornleg ummerki um slíka ræktun í Akurey þótt í henni sé hlaðið gerði sem líklegast er Kálgarður frá síðari öldum.

14 Snorrabrunnur

Búseta í Flatey var háð aðgengi að neyvalvatni. Íbúar sóttu neyvalvatn sitt í brunna sem þeir grófu víða vegar um eyjuna. Brunnarir voru afar mis-jafnir að gæðum. Við fornleifarökráningu í Flatey var skráður mikill fjöldi brunna. Brunnarir voru sumir nafnlausir en af nafngreindum brunnum má t.d. nefna Snorrabrunn í Snorrabrunsmýri og Ólafarbrunn sem á að draga nafn af Ólöfu ríku Loftsdóttur sem átti Flatey á 15. öld.

15 Sjómerki

Þegar gengið er frá brýrgjunninu við vesturenda Flateyjar og til austurs eftir veginum vekja vörður athygli vefgandna. Vörðurnar eru byggðar og sumar með merki í toppinu. Þær eru áberandi enda tilgangur með gúlmálaðar og sumar með merki í silkar vörður voru hlaðnar til að auðvelda innsiglingu eða legu skipa. Merkin voru jafnan sett upp þannig að þegar vörðurnar þar saman var leidd og lega skipa öruggi. Í Flatey sjást tvö þór af slíkum vörðum: Annars vegar skammt frá vesturenda eyjunnar og hins vegar vörubari í Hafnarey (5). Stök varða er einnig sunnan við veginn en þegar hana ber í kirkjurtunninn í Flatey er innsigling í núverandi höfn öruggi.

16 Lómatorn/Stekkiartjörn

Vesturlhluti Flateyjar var lengst af nýttur til slægna og útbeltar og bera minjar og örnefni á svæðinu þess merki. Örnefnið Stekkiargrund er á svæðinu miðju og nær að Lómatorn sem áður var einmitt nefnd Stekkiartjörn. Þetta bendir til að þar í grennd hafi verið stekkur þótt ekki hafi fundist öggjandi ummerki um hann við skráningu. Stekkir voru notaðir að volagi þegar lómbum var stíaf frá ánum. Örnefnið Smalabergr þar ofan við bendir einnig til yfrisetu. Þótt engin greinileg stekkiartóft sé á svæðinu eru á því nokkrar tóftir frá ýmsum skeiðum og greinilegst eru ummerki fjárhúsa og hlöðu úr blönduðu efni sem byggð voru snemma á 20. öld.

17 Garður forn

Leknshús var byggt upp úr 1990. Það er reist ofan á merktu fornminjum, garðlagi sem er líklega meðal elstu minja sem enn sjást á yfirborði í Flatey. Það liggur þvert yfir eyna bakka á milli og er einna greinilegst sýðt en dauðara norðar þar sem það liggur yfir mýri sem var sléttu á sínum tíma. Til eru heimildir um að garðurinn hafi verið kallaður Akurgarður en líklegast er að hann hafi gegnt því hlutverki að millja heimalandi í Flatey frá úthögum líkt og annar svipaður garður austar í eyinni (sjá 10).

18 Kálgarðar

Miklir kálgarðar voru í Flatey og í þeim ræktaðar bæði kartöflur og rófur. Heimildir benda til að mikil uppsvefla hafi orðið í ræktuninni um 1820. Margir garðanna báru nöfn, t.d. voru til Hlykkur, Trygg, Stóri- og Líti-Brennir. Þessir sem hér sjást hétu Mæðir þannast, þá Erðhur og austast Langur. Sagt er að Ólafur Svirtsen hafi létta gera þá, en hann var sóknarprestur í eyinni á árunum 1823-1860.

19 Naust

Sunnan til á Flatey eru nokkrar varir sem hafa verið ruddar, þ.e. grjótt hefur verið hreinsað úr siglingaleiðu upp í fjöruna þar sem bátum var lent. Helstar eru Garðarvör, Hólabúðarvör og vestar pollar þrjár: Ytri- Mið- og Innstipollur. Upp af Innstipollu sjást greinilegar dæðir í bakkanum og sumstaðar hleðslur á milli þeirra. Þetta eru naust, en í þeim voru bátar geymdir. Líklega hafa elstu lendingar heimamanna í Flatey verið sunnan á eyjinni.

Kortíð byggir í minjaskráningu í Flatey sem Fornleifastofnun Íslands vann fyrir Fornleifaeflag Barðstrendinga og Dalamanna 2014. Alls voru skráðir 230 minjastaðir. Skýrslu um skráninguna má nálgast í heild sinni á vefsíðu Fornleifastofnunar Íslands, fornleifi.is. Skráning í Flatey var hluti af stærra rannsóknarverkefni sem félagið og Fornleifastofnun hafa unnið að um árabil og snýr að fornleifarannsóknum í Breiðafjarðareyjum. Verkefnið var styrkt af Fornminjasjóði og kortagerðin af Breiðafjarðarnefnd. Verkið er auk þess unnið með stuðningi frá Reykhólasveit.

Hönnun og umbrot: Kolofon
Teikning af landakorti: Sól Hrafnisdóttir
Merki: Unnie Arendrup

Textagerð og ristförm: Birna Larusdóttir,
Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands

Þakkt: Framfarjafélag Flateyjar og Evar Pedersen

BREIÐAFJARÐARNEFND

Sagan

Innsiglingaröð



Klausursteinir



Þlássinu



Margt er enn á huldu um landnámi í Flatey og byggð þar fyrstu aldirnar. Vinsældingur um sögu eyjartinnar má þó finna víða og vel er að gáð. Mjög takmarkaðar fornleifarannsóknir hafa verið gerðar fram að þessu en könnunarútdrástir vestan við kirkjuna hafa þó leitt í ljós mikinn óskulaga 1) sem nær a.m.k. áttur á 13. öld. Dýrabæinnasafn sem kom í ljós í haugnum bendir til að veður á 4 faski, fúgl og sei hafi verið mjög mikilvægir þáttur í afkomu Íbúanna frá fyrstu tíð. Einnig hafa fundist bein úr naustgrípum, sauðfól og svínnum frá 13.-14. öld.

Einnig má fræðast um sögu Flateyjar í rituðum heimildum. Samkvæmt Landnámsbók nam Þrándur miðbærinn vestureyjar Breiðafjarðar og bjó fyrstur Flatey. Klausur var rekið í eyinni á árunum 1172-1184 og er Klausursteinir 9) uppi á háeyjinni talinn vinsældingur um staðsetningu þess. Örnefni eru einnig til vitnis um mannlíf og lífnáðarhætti og benda til dæmis til að akuryrkja hafi verið stunduð hér á fyrri öldum 13).

Verslun höfðast hér snemma og árið 1777 varð Flatey löggiltur verslunarstaður. Þegar komið var fram á miðja 19. öld hafði talsetur þéttbýli myndast í eyinni — mest þyggu hér rúmlega 200 manns í upphafi 20. aldar. Þorpið eða Þlássinu 3) sem í dag er helsta kemmleiti staðarins myndastist fyrst í kringum verslun á 16.-19. öld en áður voru helstu býlin sunnar, uppi á háhyrgeggnum vestan og austan við kirkjuna. Til að þyrja með þótti mörgum lítil þrylli að hinga nýja þláss og ekki laust við að sumir sóknudóttir þungamálju byggjarinnar eins og sést á þessari vísu Bjarna Þórðarsonar:

Áðar á eyinni miðri
yfrmenn þyggu í fríð og tryggð
Nú er við sjóann niðri
nyjppoppur inn herraþyggð
Hinn gjófríði hásgarði
horfin smíðil er frá lýði
Svo mannsverk ill
umbreyttast og smíð

Verndun svæðisins

Flatey er einstök náttúruperla og vinsæll sumardvalarstaður. Austurlhluti Flateyjar var lýstur friðland 1975 ásamt eyjum og hölnum sunnan við. Friðlýsta svæðið er lokað allri umferð um varptímann. Ferðamenn eru beðnir um að sýna tillitsemi og fylgja eftirfarandi reglum:

- > Altar fornleifar eru frábær lögum samkvæmt og þeim má ekki raska
- > Sýnið aðgát og athugið að yfirborði gönguleiða er mislitt
- > Fylgdu veginum eða merktum gönguleiðum og notið þrúlar
- > Sýnið tillitsemi við íbúðar- og sumarnús
- > Hundar eiga ekki að ganga lausir
- > Hendið ekki rusli á viðavægi
- > Öll eggjataka er bönnuð

Um verkefnið

Markmiðið með þessu korti er að vekja athygli á fjölbreyttum minjum og menningarlandslagi í Flatey. Minjar í eyinni spanna alla þjá stó sem búseta hefur varað þar. Þótt lítið sjást nú á yfirborði á elstu bæjarstaðnum er vítað að þar leynt mikil drömsökuð mannvistarlag undir sverði og í þeim eru geymdar sögur af búskap, verslun, sjósök, lífi og dauða. Elstu sýnilegu minjarnar gæta verið frá fyrstu öldum byggðar en þær yngstu af mannvirkjum sem hafa verið í notkun allt framundir þennan dag, t.d. kálgarðar á suðurhluta eyjarinnar 18). Á minjakortinu eru dregnar fram sýnilegar minjar frá ýmsum tímum sem eru aðgengilegar en hölmargir fleiri minjastaðir eru þekktir í eyinni.

